

Menntastefna FVA

Stjórnendur leggja áherslu á skýra framtíðarsýn, skilvirkt upplýsingaflæði og einfaldar boðleiðir. Þeir styðja starfsfólk, hlusta, leysa ágreiningsmál af sanngirni og tryggja lýðræðislega og þjónandi forystu. Lögð er áhersla á öflugt samstarf við atvinnulíf. Gagnsæi að því er varðar árangur skólans, frammistöðu nemenda og mælanleg viðmið er tryggt. Mikilvægt er að viðhalda góðum skólabrag, skapa aðlaðandi vinnuaðstöðu og styðjandi umhverfi fyrir nemendur og starfsfólk. Gæði skólastarfs eru meðal annars metin í innra og ytra mati og Stofnun ársins.

Kennarar FVA búa yfir sterkri faglegri menntun og leggja áherslu á fjölbreyttar kennslu- og námsaðferðir í hæsta gæðaflokki. Kennarar gefa nemendum tækifæri til að hafa rödd í skipulagi kennslu og námsmats og kennslukannanir eru nýttar til umbóta. Lögð er áhersla á fagmennsku, símenntun, þróun í starfi og nýjungar í kennslu.

Nemendur eru hvattir til að axla ábyrgð á námi sínu, samskiptum og framkomu og gera sitt besta í hvívetna. Þeir tileinka sér sjálfstæð vinnubrögð og hugsa gagnrýnið. Lýðræði, jafnrétti, virðing og heilbrigði eru leiðarljós. Markmiðið er að efla trú á eigin getu, hæfni í mannlegum samskiptum og stuðla þannig að farsælli framtíð.

- **Lögð er áhersla á** jafnan rétt til náms og jöfn tækifæri. Skólinn tryggir fjölbreytt námsframboð, sveigjanleika, stuðning og þjónustu, auk heimavistar fyrir nemendur af upptökusvæði skólans.
- **Lögð er áhersla á** virðingu fyrir sjálfum sér, samnemendum, samstarfsfólki og umhverfi. Samskiptasáttmáli stuðlar að jákvæðu skólasamfélagi og vel er tekið á móti nýjum nemendum og starfsfólki.
- **Lögð er áhersla á** fjölbreytileika sem endurspeglast m.a. í samsetningu nemenda og starfsfólks. Hann birtist einnig í fjölbreyttu námi og kennsluaðferðum, þar sem hæfileikar allra fá að njóta sín og stuðlað er að sameiginlegri velferð.

Í júní 2025